



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning 4.3.2026
Málsnúmer FRN26020111

Svar félags- og húsnæðismálaráðuneytis við erindi umboðsmanns barna

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns barna, dags. 10. febrúar sl., er varðar gæðaviðmið fyrir vistun barns utan heimilis eða í fóstri á vegum barnaverndarþjónustu. Í framangreindu erindi óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um hvort Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) hafi þróað gæðaviðmið um þjónustu sem er veitt á grundvelli barnaverndarlaga, einkum fyrir vistun barns utan heimilis eða í fóstri. Hafi stofnunin ekki þróað gæðaviðmið um umrædda þjónustu óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um hvar sú vinna standi og hvenær þess sé að vænta að birt verði gæðaviðmið og gæðavísar fyrir vistun barna utan heimilis eða í fóstri.

Samkvæmt upplýsingum frá GEV er umfangsmikilli vinnu senn að ljúka um gæðaviðmið í félagsþjónustu sem byggir á gagnreyndri þekkingu og viðtækri samvinnu við innlenda hagsmunaaðila og erlendar systurstofnanir og samtök. Stofnunin er reiðubúin til að hefja að því búnu vinnu við gerð gæðaviðmiða fyrir barnaverndarstarf á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni munu drög að verkefna- og tímaáætlun um þróun slíkra gæðaviðmiða verða send mennta- og barnamálaráðuneytinu nú í mars 2026. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að vanda til verka með góðum undirbúningi, breiðu samráði við haghafa og skýrri sýn um væntanlega útkomu og innleiðingu, auk þess að gæta að því að gæðaviðmiðin samræmist nýjum heildarlögum um barnavernd sem fyrirhugað er að lögfesta. Þangað til ný gæðaviðmið hafa verið gefin út er áfram stuðst við [staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda](#).

Fyrir hönd ráðherra,

Jóna Guðný Eyjólfsd.
Jóna Guðný Eyjólfsdóttir

Soffía Dóra Jóhannsdóttir
Soffía Dóra Jóhannsdóttir